

4. fundur foreldraráðs Heilsuleikskólans Kærabæjar haldinn á Kærabæ 10.02.2011 kl. 20:30.

Mætt voru: Karítas Kristjánsson formaður, Þórunn Júlíusdóttir leikskólastjóri, Sigurður Gunnarsson og Fanney Ólöf Lárusdóttir sem ritaði fundargerð.

Karítas formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Námsskrá Kærabæjar og drög aðalnámsskrá leikskóla: Rætt um námsskrá Heilsuleikskóla Kærabæjar 2010-2012 og drög að aðalnámsskrá leikskóla. Farið yfir þá grunnþætti sem hafa skuli að leiðarljósi í almennri menntun og uppeldi í skólakerfinu:
  - læsi í víðum skilningi
  - sjálfbærni
  - lýðræði og mannréttindi
  - jafnrétti
  - sköpunÞórunn fór yfir verkefnaáætlun fyrir Heilsuleikskólann Kærabæ 2011. Samþykkt að stefnt skuli að Námsskrá Heilsuskólans Kærabæjar 2010-2012 verði samþykkt af foreldraráði í september og kynnt á foreldrafundi í haust 2011. Að því loknu verði námsskráin lögð fyrir fræðslunefnd Skaftárhrepps. Rætt um samstarf leikskóla og grunnskóla og mikilvægi þess að samstarfið sé gott. Þórunn fór yfir skóladagatal 2010-2011 fyrir Kærabæ.
2. Handbók foreldraráða í leikskólum: Karítas ræddi um handbókina og fór yfir gátlista fyrir foreldra sem kemur fram í handbókinni. Karítas tekur að sér að fara yfir handbókina til að sjá hvað betur megi fara í reglum foreldraráðs Kærabæjar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 22:30.

Fanney Ólöf Lárusdóttir ritari.